



ÚTBOÐ

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Skólaskrifstofu Reykjavíkur, óskar eftir tilboðum í viðgerðir og endurbætur á þökum Áltamýrarskóla, 2. áfanga.

Helstu magnþölur eru:

Pappalögn á þak suðurálmú	um 600 m ²
Pappalögn á þak tengigangs	um 240 m ²
Pappalögn á þak á austari tengibyggingu	um 122 m ² og
pappalögn á lægra þak íþróttahúss	um 324 m ²
Múreinangrun	um 26 m ²

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn kr. 10.000,- skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 7. maí 1992, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800



ÚTBOÐ

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Byggingadeildar, óskar eftir tilboðum í yfirborðsfrágang í fjölskyldugarði í Laugardal.

Helstu magnþölur eru:

Frágangur malarsvæða	1.940 m ²
Frágangur	7.000 m ²
Grasþakning	9.800 m ²
Grassáning	7.000 m ²
Grjót	1.000 m ²

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn kr. 10.000,- skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 19. maí 1992, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800



ÚTBOÐ

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Gatnamálastjórans í Reykjavík, óskar eftir tilboðum í gerð gangstétta og ræktunar víðsvegar í borginni.

Helstu magnþölur eru:

Gangstéttar	u.þ.b. 10.000 m ²
Ræktun	u.þ.b. 7.000 m ²

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn kr. 10.000,- skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 6. maí 1992, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800



ÚTBOÐ

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Gatnamálastjórans í Reykjavík, óskar eftir tilboðum í frágang gatna í Borgarholti. Samtals lengd gatna er um 3.315 m, breidd akbrauta 6.0-7.5 m.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 31. júlí 1992.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 28. apríl n.k. gegn kr. 15.000,- skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 14. maí 1992, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800



Innlegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og lang-afa

Kristins Guðmundssonar
Miðengi, Grímsnesi

Helga Benediktsdóttir
Halldóra Kristinsdóttir Guðbrandur Kristjánsson
Valgerður Kristinsdóttir Gústav A. Guðnason
Þórunn Kristinsdóttir Eiríkur Helgason
Katrín Kristinsdóttir Árni Þorvaldsson
barnabörn og barnabarnabörn

DAGBÓK



Emil Sæmar, Guðmundur Kristmundsson, Helgi Valgeirsson, Sveinn Lúðvík Björnsson og loks blessað barnið Anna Rannveig.

Nýr sýningarsalur opnar: Gallerí Emil

Sunnudaginn 26. apríl opnar nýr sýningarsalur, „Gallerí Emil“, í kjallaranum Austurstræti 6 klukkan 15.30 með frumflutningi tónverksins „TVEIR“ eftir Svein Lúðvík Björnsson. Tónverkið er sérstaklega samið af þessu tilefni og er flytjandi þess Guðmundur Kristmundsson víóluleikari.

Galleríð fer af stað með sýningu ungs myndlistarmanns, Helga Valgeirssonar, sem næstu tvær vikurnar sýnir þar verk sín, sem unnin eru í olíu. Þetta er fimmta einkasýning Helga, en hann hefur einnig tekið þátt í mörgum samsýningum.

Ný bók frá Háskólaútgáfunni: Sálfræðipjónusta skóla — Þáttur hagnýtrar sálfræði

Út er komin bókinn Sálfræðipjónusta skóla — Þáttur hagnýtrar sálfræði, eftir Kristín Björnsson sálfræðing. Útgefendur eru Háskólaútgáfan og Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurdæmis.

Bókin lýsir verkviði sálfræðipjónustunnar, starfsaðferðum, uppbyggingu og þróun hennar í öllum fræðsluhéruðum landsins undanfarin ár. Höfundur starfði við sálfræðideild skóla í Reykjavík í 30 ár og hekkir því vel þessa starfsemi.

Í formála segir m.a.: „Fyrst og fremst er lýst á einfaldan hátt því sem verið er að gera í hinu daglega starfi. Þetta er hvorki fræðileg greinargerð né umræða um stefnur, heldur hlutlaus frásögn og skýring á staðreyndum.“

Bókin er 94 bls. og skiptist í 10 kafla. Lýst er m.a. vanda nemenda og þörf fyrir aðstoð, greiningu á vanda, ráðgjöf og meðferð, starfi sálfræðings í skóla, sérkennslu, samvinnu stofnana, þróun og sögu sálfræðipjónustu og framtíðarhorfum. Henni er ætlað að vera gagnlegt lesni fyrir kennara, foreldra og aðra sem áhuga hafa á sálfræðilegu efni og er vel skiljanleg öllum almenningi. Þá hentar bókinn sem náms- eða ítarefni fyrir nema í sálfræði, uppeldisfræði, félagsfræði og skyldum greinum.

Bókin fæst í Bókshúsi stúdenta. Einnig er hægt að panta hana hjá Háskólaútgáfunni í síma 694359.

Vorverk í Gerðubergi

Í dag, laugardaginn 25. apríl, kl. 14 mun Einar Logi Einarsson halda fyrirlestur um íslensk nýtjagrös í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Einar mun fjalla almennt um grasalækningar, te og kryddurtir og jurtalitun.

Erindi Einarssonar verður um nýtingu villjurta, tinslu og verkun. Fjallað verður



BÍLALÉIGA AKUREYRAR

MEÐ ÚTIBÚ ALLT Í KRINGUM LANDÍÐ.

MUNÐ ÓDÝRU
HELGARPAKKANA OKKAR

REYKJAVÍK
91-686915

AKUREYRI
96-21715

PÖNTUM BÍLA ERLENDIS

interRent

Europcar

Auður Ólafsdóttir sýnir í Gallerí Sævars Karls

Auður Ólafsdóttir sýnir nú í Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 9.

Auður er fædd 1960. Hún nam við Myndlistaskólann í Reykjavík og Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1981-1986.

Auður hefur haldið einkasýningu í verslunarhúsnæði Byggingaþjónustunnar 1985 og tók þátt í IBM-sýningunni á Kjarvalsstöðum 1987.

Sýningin stendur til 22. maí og er opin á verslunartíma, á virkum dögum frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 10-16.

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fræðslufundur í apríl

Mánudaginn 27. apríl kl. 20.30 verður haldinn fjórði fræðslufundur HÍN á þessu ári og verður hann síðasti fundur vetrarins. Fundurinn verður að venju haldinn í stofu 101 í Odda, Hugvísindahúsi háskólans. Á fundinum heldur **Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur** erindi, sem hann nefnir: „Gjöskumyndanir á Reykjanesi“.

Í fyrirlestri sínum segir Magnús frá rannsóknum, sem hann hefur gert á gjóskulögum, sem myndast hafa við gos í sjó undan Reykjanesskaga, þar sem hann rekur upptök þeirra, útbreiðslu og aldur. Alls fann hann þar 10 gjóskulög, sem myndast hafa á fjórum gosskeiðum, og auk þess tvö gígbrót við ströndina. Aldur elsta gosskeiðsins er yngra en 4000 ára gamalt, en það yngsta frá sögulegum tíma á 12. og 13. öld.



Ásgerður Búadóttir sýnir í Listasafni Nýhöfn

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á myndvafnaði í Listasafni Nýhöfn, í dag laugardaginn 25. apríl, kl. 14-16.

A sýningunni verða tíu verk, ofin úr ull og hrosshári. Þau eru öll unnin á árunum 1989-1992.

Þetta er áttunda einkasýning Ásgerðar í Reykjavík, en hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Meðal annars hefur hún sýnt sjö sinnum með sýningarhópnum Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.

Verk eftir Ásgerði eru í mörgum opinberum söfnum og stofnunum, t.d. Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Röðhska listiðnaðarsafninu í Gautaborg, Norræna menningarmálastofnuninni í Kaupmannahöfn, Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Seðlabanka Íslands, Textile Arts Foundation í Maine, USA, og Listasafni Borgarness.

Ásgerði voru veitt Menningarverðlaun Dagblaðsins og Vísis árið 1982, og var hún kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983-84.

Sýningin í Nýhöfn er opin virka daga frá kl. 12-18 og frá kl. 14-18 um helgar. Lokað á mánudögum.

Henni lýkur 13. maí.

Alexander Makarov (Goldfeder) með einleikstónleika

Alexander Makarov (Goldfeder) heldur einleikstónleika í Norræna húsinu sunnudaginn 26. apríl kl. 17. Alexander Makarov hefur áður haldið tónleika hér á landi, í íslensku óperunni í febrúar, og í mars lék hann einleik við opnun sýningar á verbum Finns Jónssonar í Listasafni Íslands.

Alexander Goldfeder er fæddur 1946 í Moskvu. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Moskvu 1970 undir handleiðslu Yakovs Flehar. Hann starfaði síðan í Moskvu sem einleikari og kennari, auk þess sem hann hélt tónleika víða um lönd. Alexander neyddist til að taka sér listamanns nafnið Makarov í Rússlandi til að fela gyðinglegan uppruna sinn. En árið 1976 óskaði Alexander Goldfeder eftir að fá að flytja frá Rússlandi til Íslands, en beiðni hans var synjað. Í kjölfar þessa var honum hins vegar meinað að fara í tónleikaferðir utan Rússlands. Það var svo ekki fyrr en árið 1989 að beiðni hans um að flytja úr landi hlaut náð fyrir augum ráðamanna í Moskvu og það sama ár fluttist hann til Íslands ásamt fjölskyldu sinni. Síðastliðið ár dvaldi Goldfeder í Þýskalandi og Hollandi þar sem hann hefur haldið fjölda tónleika. Fyrir skemmstu var hann á tónleikaferðalagi um Holland. Þar lék hann meðal annars á tónleikum í Amsterdambúðum sem haldnir voru í minningu hins þekkta píanóleikara Glenns Gould.

Alexander Goldfeder hefur dvalið á Íslandi frá áramótum ásamt fjölskyldu sinni, en kona hans Ivgenia er listdansari og kennir hjá Íslenska dansflokknunum og Listdansskólanum.

Á tónleikunum í Norræna húsinu leikur Alexander Makarov verk eftir Beethoven, Chopin, Debussy, Rachmaninoff og Prokofiev. Miðaverð á tónleikana er kr. 1.000 og eru miðar seldir í bókaúðinni Borg. Lækjargötu 2, og við innganginn.